

## SAMÞYKKT

### fyrir Veðifélag Síðumannafréttar.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Síðumannafréttar. Heimili þess og varnarþing er á heimili formanns hverju sinni.

#### 2. gr.

Félagið nær yfir öll stöðuvötn, ár og læki er um Síðumannafrétt falla, en hann afmarkast af Hverfisfljóti að austan, Síðujökli að norðan, Skaftá að vestan og eignarlöndum jarða að sunnan. Þær jarðir er upprekstrarrétt eiga á ofangreindan afrétt og aðild að félaginu eru: Arnardrangur, Ásgarður, Breiðabólstaður, Efri-Vík, Eystra-Hraun, Eystri-Dalbær, Fagrifoss, Fagurhlíð, Foss I, Foss II, Foss III, Fossar, Geirland, Hamrafoss, Hátún, Heiðarsel I, Heiðarsel II, Heiði, Holt, Hólmur, Hraunból, Hraunkot, Hruni II, Hunkubakkar, Hæðargarður, Hörgsdalur I, Hörgsdalur II, Hörgsland I, Hörgsland II, Hörgslandskot, Keldunúpur, Kirkjubæjar-klaustur I, Kirkjubæjarklaustri II, Kirkjubær I, Kirkjubær II, Múlakot, Mörk, Mörtunga I, Mörtunga II, Nýibær, Orustustaðir, Prestsbakki, Prestsbakkakot, Seglbúðir, Skaftárdalur I, Skaftárdalur II, Skaftárdalur III, Skál, Slétta, Sléttaból, Sólheimar, Stuðlafoss, Syðri-Vík, Teygingalækur, Tunga, Ytra-Hraun, Ytri-Dalbær, Þverá, Þykkvibær I, Þykkvibær II og Þykkvibær III.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði til félagsmanna og annarra eftir því sem félags- og aðalfundir félagsins samþykkja.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir varamenn sem kosnir eru þannig til þriggja ára af öllum félagsmönnum: Formaður og síðan af hvorri upprekstrardeild (þ.e. Austur-Síðudeild annars vegar og Mið- og Landbrottsdeild hins vegar) tveir aðalmenn og einn varamaður. Ganga þeir úr stjórn á víxl þannig að formaður félagsins gengur úr eftir eitt ár, einn úr hvorri deild eftir tvö ár o.s.frv. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn tvö kjörtímabil í röð. Varamenn eru kosnir með formanni félagsins og er kjörtímabil þeirra jafn langt og hans. Tveir skoðunarmenn reikninga eru kosnir til tveggja ára, þannig að annar þeirra gengur úr árlega, fyrst eftir hlutkesti. Skulu þeir vera hvor úr sinni upprekstrardeild. Stjórnin velur ritara og gjaldkera úr sínum hópi.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins. Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmæla-réttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

## 7. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyllt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein einging í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

## 8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skyllt að halda svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 10. gr.

Allar tekjur félagsins renni í einn sjóð. Sjóðurinn skal vera í umsjá gjaldkera félagsins. Arð af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá eða honum varið til þeirra verkefna innan afréttardeildanna sem félagsmenn telja nauðsynleg á hverjum tíma, samkvæmt ákvörðum aðalfundar. Heimilt er að rukka félagsmenn um árgjöld til félagsins, samkvæmt ákvörðun aðalfundar, til eins ár í senn.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar viðurlögum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

12.gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Landbúnaðarstofnun, 3. desember 2007.*

**Viktor S. Pálsson**, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2008